


Peningaþvætti í inn- og útflutningi á vöru eða þjónustu.

- Helstu aðferðir



Peningaþvætti í inn- og útflutningi á vöru eða þjónustu

Alþjóðaviðskipti, inn- og útflutningur á vöru og þjónustu, eru oft flókin og tengjast keðju aðfanga um allan heim. Skipulagðir glæpahópar, aðilar sem stunda skipulagt peningaþvætti og aðilar sem fjármagna hryðjuverk misnota sér slík viðskipti til að fjármagna starfsemi sína eða til að koma fjármunum með ólögsmætan uppruna í umferð.

Hvað aðgreinir peningaþvætti í inn- og útflutningi á vöru og þjónustu frá smygli, svikum og brotum tengdum öðrum viðskiptum?

Í inn- og útflutningi á vöru og þjónustu og brotum tengdum viðskiptum geta brotamenn tekið þátt í ýmsum öðrum ólögsmætum athöfnum eins og að útbúa falsaða reikninga eða greina ranglega frá til að komast hjá eftirliti og öðrum tolla- og skattalagabrotum.

- ⇒ Markmiðið peningaþvættis í gegnum inn og útflutning á vörum og þjónustu, ólíkt öðrum viðskiptatengdum brotum, er ekki að flytja vöru, heldur frekar peninga, sem viðskipti með vörur auðvelda.
- ⇒ Tilgangur peningaþvættis er að koma ólögsmætum ávinningi inn í hagkerfið og það sama á við um peningaþvætti í inn- og útflutningi á vöru og þjónustu.
- ⇒ Aðilar sem stunda skipulagt peningaþvætti nota iðulega þessa aðferð til þessa að umbreyta ólögsmætum ávinningi fyrir viðskiptavinum sínum. Brotamenn sem tengjast þessum viðskiptatengdu brotum eru yfirleitt endanlegir eigendur af þessum ólögsmæta ávinnig.


Algengar aðferðir

Hér á eftir verið farið yfir þróun helstu aðferða sem hafa verið skoðaðar, bæði aðferðir sem eru vel þekktar og aðferðir sem eru minna þekktar. Aðferðirnar eru listaðar upp hver fyrir sig en brotamenn geta notað allar aðferðirnar á sama tíma til að flækja ferlið enn frekar.

Til að hægt sé að nýta flestar þessar aðferða þurfa innflytjandi og útflytjandi báðir að vera þátttakendur í því að skýra ranglega eða villandi frá. Í einhverjum tilvikum gæti inn- og útflytjandi verið í eigu sama aðila.

Ranglega greint frá verði á vörum og þjónustu.


Aðferðin felur í sér að ranglega eða villandi er greint frá verði á vöru eða þjónustu í þeim tilgangi að flytja fjármuni. Undirverðlagning er ein af algengustu aðferðum við peningabætti í gegnum vöru eða þjónustu. Innflytjandinn og útflytjandinn þurfa báðir að vera þátttakendur við þessa aðferð.




Ranglega greint frá magni vöru og þjónustu

Þessi aðferð felur í sér að ranglega er greint frá magni á vöru eða þjónustu sem eru flutt, einnig svokallaðar „drauga sendingar“ þar sem engar vörur eru í raun fluttar milli landa. Innflytjandinn og útflytjandinn þurfa báðir að vera þátttakendur við þessa aðferð.

Meira magn vöru sent en fram kemur á reikning




Minna magn vöru sent en fram kemur á reikning




Ranglega greint frá gæðum eða tegund vöru eða þjónustu

Þessi aðferð felur í sér að ranglega er greint frá gæðum eða tegund á vöru eða þjónustu t.d. greint er frá því verið sé að kaupa eða flytja mjög dýra lúxus vöru en í raun er verið að flytja mun ódýrari vöru, jafnvel einhverja allt aðra vöru en tilgreind er á reikning eða í einhverjum tilfella enga vöru. Innflytjandinn og útflytjandinn þurfa báðir að vera þátttakendur við þessa aðferð.

Verðmæti vöru meira en sagt er til um



Verðmæti vöru minna en sagt er til um



Sömu skjölin notuð oftast en einu sinni

Þessi aðferð felur í sér að sömu skjölin eru notuð oftast en einu sinni til að réttlæta greiðslur fyrir vörur eða þjónustu. Brotamenn eða aðilar sem fjármagna hryðjuverk misnota þetta enn frekar með því að nota þessi skjöl hjá mörgum mismunandi fjármálastofnunum og þannig verður erfiðara fyrir eina fjármálastofnun að sjá þetta munstur.

Ofangreindar aðferðir eru þær aðferðir sem eru þekktar og eru algengastar. Hins vegar hafa komið fram nýjar aðferðir þar sem ekki þarf að falska skjöl. Hér að neðan verður farið nánar í þessar aðferðir:

Aðrar aðferðir

Önnur fjármálafyrirtæki en bankar

Borið hefur á því að notuð eru önnur fjármálafyrirtæki en bankar s.s. peningasendingafyrirtæki þar sem minni þekking er á peningabætti í inn- og útflutningi á vöru og þjónustu.

Net einstaklinga kaupir vörur

Einstaklingar eða net einstaklinga kaupir vörur, oft á tíðum lúxus vörur, að því er virðist til að komast hjá tolli eða til að rjúfa tengsl við glæpahópa. Einstaklingarnir greiða fyrir vöruna með því að nota sín eigin kreditkort og brotamenn eða glæpahópar greiða síðan kreditkortareikninginn oft í gegnum félög á þeirra vegum.

Nýting lögmætrar aðfangakeðju

Glæpahópar kaupa hlut í lögmætri starfsemi og nýta sér þá aðfangakeðju sem þegar er til staðar hjá fyrirtækinu og koma þannig fjármunum inn í fjármálakerfið. Gera engar stórar breytingar á starfseminni heldur koma þessu inn hægt og rólega.

Milliganga þriðja aðila

Brotamenn komast inn í annars lögmætar keðjur aðfanga með því að borga fyrir vörur í gegnum áður óþekktan þriðja aðila. Sem dæmi má nefna félag sem selur vörur til lands A en fær greiðslu frá landi B sem er áhættusamt ríki. Félagið sem greiðir fyrir vörurnar hefur engin sjáanleg tengsl við félagið sem seldi vörurnar. Hér nýta brotamenn sé milligöngu félagsins sem er raunverulega að kaupa vöruna.

Efnið er unnið upp úr skýrslum FATF / Egmont.

Skýrsla gefin út árið 2006 - <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/reports/Trade%20Based%20Money%20Laundering.pdf>

Skýrsla gefin út árið 2021 - <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/content/Trade-Based-Money-Laundering-Trends-and-Developments.pdf>

SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU

FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

